

Hekluvikur fyrir garðyrkjustöðvar.

Selfossi 1. júlí 2020

Til þeirra er málið varðar.

Um árabíl hafa garðyrkjustöðvar á Íslandi nýtt vikur frá Heklu sem ræktunarefni, bæði hreinan vikur sem rótarbeðsefni og til íblöndunar í gróður mold. Vikurinn hefur verið tekinn úr námu við Reykholt á afrétti Flóa- og Skeiðamanna. Framkvæmd vikurnámsins hefur verið í höndum fjölskyldunnar í Haga í Gnúpverjahreppi, nú síðast Sigrúnar Guðlaugsdóttur. Vikur úr þessari námu hentar afar vel til ræktunar eða íblöndunar þar sem hann er hreinn og kornstærð / samsetning heppileg. Slíkir eiginleikar eru mjög mikilvægir í ræktun vegna rakadrægni og loftunareiginleika. Þar sem þessi vikur hefur áður nefnda eiginleika frá náttúrunnar hendi er hann mun ódýrari heldur en vikur sem þarf að flokka og blanda í heppilega kornstærð.

Nú hefur áður nefndri vikurnámu verið lokað að beiðni Landgræðslu og Skógræktar þrátt fyrir að hún sé á svæði sem er utan við friðlýsingu Þjórsárdals. Lokunin er án fyrirvara og því hefur ekki gefist tóm til að leita annarra lausna.

Fái garðyrkjubændur ekki vikur úr þessari námu glata þeir mikilvægum aðföngum í sínum rekstri og aðrar lausnir í vikurvinnslu eða öðrum ræktunarefnum verða mun kostnaðarsamari og rýrari að gæðum. Hreinsaður eða flokkaður vikur kallar auk þess á meiri flutning /vinnslu og verður því kolefnisspor slíkra aðfanga stærra og hefur meiri áhrif á umhverfið.

Undirritaður hvetur málsaðila til þess að endurskoða ákvörðun um lokun vikurnámunnar við Reykholt með hagsmuni garðyrkjubænda að leiðarljósi.



Helgi Jóhannesson

Ráðunautur í garðyrkju / Horticulture Consultant
Nytjaplöntusvið / Department of Crops and Feeding
Sími / Tel: +354 5165071
GSM / Mobile: +354 8980913
Netfang / email: helgi@rml.is

